



Akureyrarbær



# Ársskýrsla Akureyrarbæjar 2022




Fræðslu- og lýðheilsusvið

# Fræðslu- og lýðheilsusvið

Fræðslu- og lýðheilsusvið Akureyrarbæjar varð til í janúar 2022 við sameiningu fræðslusviðs og stórs hluta af samfélagssviði Akureyrarbæjar.

Fræðslu- og lýðheilsusvið hefur það hlutverk að veita þjónustu sem snýr að uppeldi, menntun, tómstundum og forvörnum. Sviðið ber ábyrgð á starfi leik- og grunnskóla, tónlistarskóla og dagforeldra, forvarna- og tómstundamálum, íþróttamálum, málefnum ungs fólks, félagsstarfi eldri borgara og félagslegri liðveislu. Fræðslu- og lýðheilsusvið starfar í umboði fræðslu- og lýðheilsuráðs Akureyrarbæjar, tekur á móti erindum vegna skóla, tómstunda-, íþróttá- og forvarnamála.



MYND 1 – SKIPURIT FRÆÐSLU- OG LÝÐHEILSUSVIÐS

## Skólamál

Á skrifstofu fræðslu- og lýðheilsusviðs að Glerár-götu 26 starfa sviðsstjóri, forstöðumaður skrifstofu, rekstrarstjóri, innheimtufulltrúi, UT-ráðgjafi, verkefnastjórar, uppeldisráðgjafar, sálfræðingar og kennsluráðgjafar. Innleiðing laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna spilaði stórt hlutverk á árinu en innleiddir voru tengiliðir við farsæld barna í öllum leik- og grunnskólum.

Leikskólar bæjarins eru níu og grunnskólarnir tíu. Vikulegum vinnustundum starfsfólks hefur fækkað um allt að 4 vinnustundir á viku. Þetta hefur verið áskorun þar sem skipuleggja hefur þurft skólastarf út frá því og hefur því fylgt nokkur kostnaður í leikskólum.

## Menntastefna Akureyrarbæjar og innleiðing

[Menntastefna Akureyrarbæjar](#) var samþykkt í bæjarstjórn 2. júní 2020 og er megineinkenni hennar að innleiða af festu menntastefnu yfirvalda menntamála, aðalnámskrár. Menntastefnan hefur að geyma samfélagssáttmála um skólastarf. Við framkvæmd og innleiðingu menntastefnu lágu þrír lykilþættir til grundvallar: 1) framúrskarandi starfshættir, 2) leikur, nám og kennsla og 3) stjórnun og fagleg forysta. Gert var ráð fyrir þriggja ára innleiðingarferli, sem yrði lokið vor 2023 en tafir hafa orðið á innleiðingu, m.a. vegna Covid-19 og er gert ráð fyrir að innleiðingartíminn verði til vors 2024. Viðmið menntastefnu Akureyrarbæjar hafa verið aðgerðabundin með gæðaviðmiðum um gæðastarf í leik- og grunnskólum Akureyrarbæjar í [gæðahandbók Menntastefnu Akureyrarbæjar](#), en þar má einnig sjá birtar matsskýrslur leik- og grunnskóla Akureyrarbæjar.

## Leikskólar

Leikskólarnir eru níu þar af einn sjálfstætt starfandi. Frá haustinu 2021 hafa verið innrituð börn sem hafa náð 12 mánaða aldri að hausti. Í október 2022 voru um 97,8% barna á Akureyri á aldrinum tveggja til fimm ára (fædd 2017-2020) í leikskólum. Þá voru 58,5% barna af árgangi 2021 innrituð haustið 2022, þ.e. börn sem fædd voru í janúar til og með ágúst 2021.

Í október voru alls 986 börn í leikskólum bæjarins. Skólatími barnanna skiptist þannig að 93,7% barna voru með 7 til 8,5 klst. skóladag og um 6,3% barna með 4 til 6,5 klst. skóladag. Börn af erlendum uppruna voru alls 115 eða 11,7% af heildarfjölda barna í leikskólunum.

## Grunnskólar

Hjá Akureyrarbæ eru starfandi sjö almennir grunnskólar, einn sérskóli og einn samrekinn leik- og grunnskóli í Hrísey. Þá eru tveir grunnskólar með sérdeild, þ.e. Síðuskóli og Giljaskóli.

Hlutfall nemenda með íslensku sem annað tungumál (ÍSAT) hefur hækkað mikið á undanföllum árum. Hlutfallið var 8,5% haustið 2019, en 12,9% haustið 2022 og því aukist um yfir 50% á þremur árum.

TAFLA 1 – FJÖLDI BARNNA Í GRUNNSKÓLUM Á AKUREYRI

	Fjöldi nemenda	Fjöldi ÍSAT nemenda	Hlutfall
Brekkuskóli	455	73	16,0%
Oddeyrarskóli	179	62	34,6%
Glerárskóli	334	30	9,0%
Lundarskóli	464	33	7,1%
Síðuskóli	354	48	13,6%
Giljaskóli	411	32	7,8%
Naustaskóli	370	54	14,6%
Hríseyjarskóli	17	3	17,6%
Hlíðarskóli	19		
	2.603	335	12,9%



### Frístund

Frístund er starfrækt í öllum grunnskólum Akureyrar nema Hlíðarskóla og er hún í boði fyrir nemendur í 1.–4. bekk eftir að skóla lýkur til kl. 16.15. Margir nemendur sækja íþróttir eða annað tómstunastarf á þessum tíma og er starfsfólk því innan handar við að útbúa sig fyrir æfingar og mæta á réttum tíma. Frístundaheimilin hafa Menntastefnu Akureyrarbæjar og Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna að leiðarljósi og er áhersla lögð á vandað og uppbyggjandi starf þar sem frjáls leikur og óformlegt nám er haft að leiðarljósi.

### Tónlistarskólinn á Akureyri

TAFLA 2 – FJÖLDI NEMENDA VIÐ TÓNLISTARSKÓLANN  
Á AKUREYRI

	2021	2022
Grunnnám	249	239
Hljóðfæri	229	223
Söngur	20	16
Miðnám	60	58
Hljóðfæri	49	48
Söngur	11	10
Framhaldsnám	34	39
Hljóðfæri	27	31
Söngur	7	8
Nemendafjöldi alls	343	336
Alls	59	30,5



### Skólahúsnæði

Stöðugt eru í gangi endurbætur á húsnæði skóla og er verkefnum forgangsraðað í samstarfi við UMSA. Lokið var við allsherjar endurbætur á B-álmum Lundarskóla sumarið 2022 en áður hafði A-álma skólans verið tekin í gegn. Nemendur 7.–10. bekkjar sem verið höfðu í Rósenborg skólaárin 2021–2023 fluttu í nýja álmum haustið 2022.

Allsherjar endurbætur hafa staðið yfir á húsnæði Glerárskóla undanfarin ár. Nú eru í vinnslu endurbætur á A-álmum skólans og fluttu nemendur í 8.–10. bekk í Rósenborg haustið 2022 og er því skólaakstur milli Glerárskóla og Rósenborgar. Áætlað er að framkvæmdum ljúki um áramót 23/24 eða fljótlega upp úr því.

Einnig var unnið að miklum endurbótum á skólalóðum Oddeyrar- og Lundarskóla á árinu 2022.

### Dagforeldrar

Í lok árs 2022 voru 16 dagforeldrar starfandi á Akureyri, 15 konur og 1 karlmaður, að auki var eitt dagforeldri í foreldraorlofi. Á árinu 2022 voru

veitt fjögur leyfi til daggæslu barna í heimahúsi en ekkert dagforeldri lét af störfum. Af þessum fjórum leyfum voru 2 ný leyfi og 2 leyfi til aðila sem áður hafa starfað við daggæslu í heimahúsum.

### Íþróttamál

Frístundastyrkur fyrir 6–17 ára börn á Akureyri stóð í stað milli ára og var 40.000 kr. á barn. Nýting frístundastyrksins var tæp 82%. Alls notuðu 2.623 börn og unglingar frístundastyrkinn að einhverju leyti árið 2022.

Frístundastyrkurinn var notaður fyrir alls 99.971.988 kr. sem samsvarar að meðaltals styrkuppþæð þessara 2.623 barna og unglinga var 38.114 kr. Kynjaskipting var jöfn. Flestar skráningar eru hjá Íþróttafélaginu Þór og Knattspyrnufélagi Akureyrar sem eru með um 36,9% allra skráninga.

Stærstu kostnaðarliðir íþróttadeildar og málaflokks 106 er húsaleiga til umhverfis og mannvirkjasviðs Akureyrarbæjar, sem var 1.227 milljónir króna, og lausafjárleiga og leiga til eignarsjóðs var rúmar 43 milljónir á árinu. Kostnaður vegna tímaafnota aðildarféлага ÍBA í íþróttamannvirkjum Akureyrarbæjar reiknast sem styrkur á félögin sem var rúm 931 milljón.

Alls veitti frístundaráð styrki og framlög fyrir tæpa 261 milljón í formi ýmissa styrkja þar sem hæstu styrktarframlögin voru vegna rekstrarsamninga Akureyrarbæjar við Þór, KA, Létti, SA, GA og Nökkva um rekstur íþróttamannvirkja á félagssvæðum þessara félaga. Að auki eru gildandi þjónustusamningar við áðurnefnd íþróttafélög og Fimleikafélag Akureyrar. Akureyrarbær úthlutar rekstrarstyrkjum til aðildarféлага ÍBA sem eru ekki



með þjónustusamning við Akureyrarbæ í samræmi við gildandi reiknilíkan. Afrekssjóður Akureyrar veitti styrki fyrir 7 milljónir.

Eftirerfiðtvöaráundanvegnasamkomutakmarkana í heimsfaraldri Covid-19 komst akureyrskt íþróttalíf aftur í sinn takt og aðildarfélag ÍBA stóðu fyrir sínum mörgu fjölbreyttu árlegu íþróttaviðburðum í íþróttamannvirkjum og annarra einstakra viðburða. Auk þess fara margvíslegir aðrir viðburðir fram í íþróttamannvirkjum bæjarins, s.s. tónleikar, veislur, ráðstefnur og fundir. Eitt af því sem m.a. hófst aftur voru fræðslufyrirlestrar ÍBA, ÍSÍ, HA og Akureyrarbæjar, sem stóðu fyrir fyrirlestrinum „Hið ósýnilega afl“ í nóvember.

Af framkvæmdum og nýjungum á sviði mannvirkja á árinu ber helsta að nefna að ný stólalyfta var tekin í notkun í Hlíðarfjalli í febrúar, ráðist í miklar viðgerðir, viðhaldsaðgerðir og úttektir á gervigrasi Bogans í febrúar og mars, settir voru upp nýir rásþallar í Sundlaug Akureyrar í maí, útikörfuboltavöllurinn Garðurinn hans Gústa var vígður í ágúst og fyrsta skóflustungan að nýjum keppnisvelli, stúku og félagsaðstöðu á íþróttasvæði KA var tekin í ágúst. Íþróttadeild heldur utan um heilsueflandi samfélag og kemur að ýmsum viðburðum, t.d. líkt og undanfarin ár farið í samstarf við aðila og félag sem vinna að heilsueflingu og íþróttum undir merkjum „Akureyri á iði“ þar sem íbúum Akureyrar stendur

til boða fjölbreytt hreyfing og heilsuefling öllum að kostnaðarlausu. Áttunda árið í röð var öllum grunn- og framhaldsskólanemendum á Akureyri boðinn frír aðgangur að sundlaugum og í Hlíðarfjalli í vetrarfrí skóla á Akureyri í mars.

Á haustmánuðum hófst undirbúningur að verkefninu „Virk efri ár“ sem felur í sér að hvetja og efla 60 ára og eldri íbúa Akureyrar til hreyfingar og samveru. Í tengslum við verkefnið var í ágúst ráðinn verkefnastjóri lýðheilsamála á íþróttadeild bæjarins.

Athöfnin Íþróttamaður Akureyrar fór fram í janúar 2023 og voru Hafdís Sigurðardóttir hjólréiðakona úr Hjólréiðafélagi Akureyrar og Nökkvi Þeyr Þórisson knattspyrnumaður úr Knattspyrnufélagi Akureyrar útnefnd íþróttakona og íþróttakarll Akureyrar 2022. Við sömu athöfn hlutu Herbert Bárður Jónsson (Þór), Páll Jóhannesson (Þór), Sigríður Jóhannesdóttir (KA) og Þormóður Einarsson (KA) heiðursviðurkenningu fræðslu- og lýðheilsuráðs fyrir áratuga starf í þágu íþróttar á Akureyri í gegnum sín íþróttafélög. Íþróttadeild tekur árlega saman upplýsingar um fjölda Íslandsmeistara og landsliðsmanna aðildarféлага ÍBA og eru veittar viðurkenningar í samræmi við þær upplýsingar og að auki veitir íþróttadeild landsliðsmönnum aðildarféлага ÍBA styrk í formi árskorts í sundlaugar Akureyrarbæjar.

TAFLA 3 – ÍSLANDSMEISTARAR OG LANDSLIÐSMENN

Ár	Íslandsmeistarar			Landsliðsmenn		
	Fjöldi	KVK	KK	Fjöldi	KVK	KK
2022	237	35%	65%	125	52%	48%
2021	306	44%	56%	81	53%	47%
2020	135	38%	62%	56	64%	36%
2019	311	41%	59%	117	47%	53%
2018	190	44%	56%	108	53%	47%
2017	243	52%	48%	114	41%	59%
2016	301	41%	59%	101	40%	60%
2015	270	34%	66%	102	36%	64%
2014	154	38%	62%	86	45%	55%
2013	162	33%	67%	102	38%	62%
2012	224	53%	47%	107	41%	59%
2011	162	32%	68%	96	40%	60%



## Sundlaug Akureyrar

Covid-19 setti svip sinn á starfsemi Sundlaugar Akureyrar og voru allar sundlaugar Akureyrarbæjar lokaðar frá og með 25. mars til og með 14. apríl á árinu. Tíminn var nýttur í ýmis verkefni og betri þríf eins og í fyrri lokunum og handhöfum árskorta var aftur boðin framlenging sem nam lokuninni. Fjöld- og fjarlægðartakmarkanir voru í gildi meirihluta árs. Sama fyrirkomulag var á lokunartíma og árið á undan: Starfsmönnum skipt í tvo hópa þar sem annar hópurinn vann fyrir hádegi og hinn eftir hádegi á virkum dögum, en starfsmenn fengu greitt eins og vaktatafla sagði fyrir um. Skert vinnuvika átti ekki við um forstöðumann og verkefnastjóra rekstrar. Þann 1. maí gengu í gildi breytingar vegna nýrra kjarasamninga starfsfólks. Vikulegum vinnustundum vaktavinnufólks fækkaði úr 40 í 36 stundir auk þess sem vægi vinnustunda stytta vinnuvikuna um 1-2 klst. á viku því til viðbótar. Þá var helgarvöktum skipt upp í tvær styttri vaktir þannig að 11,5 klst. langar helgarvaktir eru úr sögunni. Um leið minnkaði vinnuskylda starfsfólks og við breytingarnar fjölgaði stöðugildum við Sundlaug Akureyrar.

Fulltrúar frá framleiðendum rennibrautanna komu að utan til að yfirfara þær og voru þær lokaðar í nokkra daga. Í ljós kom að myndast höfðu blöðrur í plastinu á nokkrum stöðum. Skipt var um framhlið eimbaðsins í september. Aldursflokkameistaramót Íslands (AMÍ) í sundi var haldið í blíðskaparveðri og var í fyrsta skipti lokað fyrir almenning meðan á mótinu stóð, eða til kl. 17 alla mótisdaga. Sitt sýndist hverjum um þessa lokun, mótshaldarar voru ánægðir en nokkuð bar á kvörtunum frá almenningi.

Boðið var frítt í sund þann 17. febrúar undir merkjum G-vítamíns. Auk þess var frítt í sund fimm daga í maí í tengslum við „Akureyri á iði“.

Eins og fyrri ár tók Sundlaug Akureyrar þátt í Listasumri í júlí þar sem boðið var upp á Aqua Zumba, Götuleikhúsið var með gjörning á útisvæðinu og ljósmyndasýningin Hendur iðnaðarmanna eftir Sindra Svan Ólafsson og Aron Frey Ólason var sett upp bæði í kaffiteríu og á útisvæði. Þá tók Sundlaug Akureyrar þátt í að fagna afmæli Akureyrarbæjar í ágúst og voru ýmsir viðburðir á sundlaugarbakkanum. Nýtnivikan í nóvember var haldin hátíðleg og óskilamunum gefið nýtt líf. Fyrir jólin var síðan haldið kertakvöld sem mæltist vel fyrir.



### **Íþróttamiðstöð Glerárskóla**

Töluverðar breytingar voru gerðar á vinnufyrirkomulagi starfsmanna í Íþróttamiðstöð Glerárskóla á árinu 2021 í kjölfar betri vinnutíma. Starfsstöðvar íþróttahúss og sundlaugar voru sameinaðar og allir starfsmenn Íþróttamiðstöðvarinnar því starfsmenn bæði í íþróttahúsi og sundlaug. Tekið var upp óskakerfi í vaktafyrirkomulagi og þurfti starfsfólk því ekki lengur að vinna 12 daga vinnutarnir í vaktarúllum. Þá var mönnunarþörf endurskoðuð. Helstu framkvæmdir voru að línur sem höfðu verið ranglega settar niður á gólfið í íþróttahúsinu voru lagaðar og gólfið lakkað upp á nýtt. Keyptur var nýr búnaður í íþróttahúsið, þar á meðal mörk, leikfimidýnur og hringir settir í loftið. Eldur kom upp í Glerárskóla að kvöldi 6. janúar og var Íþróttamiðstöðin lokuð 7. janúar vegna þessa. Opnað var aftur kl. 17.30 þann 8. janúar eftir að búið var að reykraesa. Miklar framkvæmdir voru á svæðinu í kringum Glerárskóla, annars vegar vegna nýframkvæmda við leikskólann Klappir sem var tekinn í notkun um haustið og endurskipulagningar á bílastæðunum í kringum mannvirkin og hins vegar vegna framkvæmda við nýjan körfuboltavöll (Garðinn hans Gústa). Framkvæmdirnar höfðu áhrif á aðgengi að Glerárlaug meðan Höfðahlíð var lokuð að hluta og var aðgengi um mjóan stíg frá Háhlíð/ Melgerðisás meiri hluta sumars. Tillaga að lokun Glerárlaugar fyrir almenning var tekin fyrir í bæjarstjórn í nóvember og var hugmyndinni mótmælt með undirskriftalistum. Í desember var samþykkt að afgreiðslutími yrði einungis skertur og Glerárlaug opin almenningi frá kl. 18.00-19.30 þá virku daga sem kennsla og skipulagðar æfingar eru í lauginni. Breytingarnar skyldu taka gildi á komandi ári.



### **Íþróttamiðstöðin í Hrísey**

Starfsemi Íþróttamiðstöðvarinnar í Hrísey var með hefðbundnum hætti fyrir utan lokun vegna Covid-19 faraldursins. Helstu framkvæmdir voru að bakkar heita pottsins voru flísalagðir upp á nýtt í maí.

### **Sundlaug Grímseyjar**

Lokun vegna Covid-19 í mars og apríl var nýtt í viðhald og var m.a. skipt um ljós í lauginni og laugarbotninn málaður. Framkvæmdir drógust á langinn og var laugin því lokuð frá 25. mars til 4. maí. Í október var ákveðið að breyta afgreiðslutíma sundlaugarinnar sem er opin allt árið og hafa hana opna alla virka daga frá 17.00 til 18.15 en lokað um helgar.



### **Birta og Salka - félagsmiðstöðvar fólksins**

Birta og Salka - félagsmiðstöðvar fólksins eru fyrir alla átján ára og eldri. Starfsemi Birtu og Sölkum eflist og vex með hverjum degi og er stöðugt boðið upp á ný og skemmtileg námskeið, opnar vinnustofur og skemmtanir. Í kjölfar flutninga Punktsins í Sölkum jókst úrval námskeiða og vinnustofa mikið og má þar sérstaklega nefna leirvinnustofuna sem er þétt setin flesta daga.

Starfsemi félagsmiðstöðvanna er í stöðugri þróun með það að leiðarljósi að skapa fjölbreytni og mæta þörfum og óskum þeirra sem sækja félagsstarfið. Í boði er fjölbreytt starfsemi, ýmis konar námskeið, handverk, afþreying af ýmsu tagi og hreyfing auk fjölbreyttra viðburða.

### **FélaAk - Félagsmiðstöðvar Akureyrar**

Markmið forvarna- og frístundaeildar er að bjóða upp á heildstæða og faglega þjónustu þar sem virkni og forvarnir eru hafðar að leiðarljósi. Forvarna- og frístundaeild sér um félagsmiðstöðvar Akureyrar, Ungmennahús í Rósenborg, Virkið, Vinnuskólann og forvarnir. Starfsemi forvarna- og frístundaeildar er í miklu samstarfi við skóla, velferðarsvið o.fl.

Forvarnateymið, sem skipað er fólki frá ýmsum deildum sveitarfélagsins, framhaldsskólum, félagasamtökum, lögreglu, heilsugæslu o.fl., fundaði tvisvar á árinu og fór yfir stöðu í samfélaginu og áhyggjur m.a. af slagsmálum ungmenna. Um 20 manns sátu fundina tvo.

Félagsmiðstöðvastarfið hélt góðum dampi og töluvert var um stærra viðburði, ferðalög og uppákomur. Aldrei hafa fleiri verkefni verið á vegum FélaAk á Barnamenningarhátíð Akureyrar. Félagsmiðstöðvarnar og ungmennaráðið tóku þátt í nokkrum erlendum samstarfsverkefnum sem var afar gefandi fyrir þátttakendur og margir sigrar unnust. Skráðar heimsóknir í félagsmiðstöðvarnar árið 2022 voru rétt um 20.000.

Ungmennahúsið var opið tvö kvöld í viku árið 2022. Þátttaka fór hægt af stað eftir að hafa lítið getað starfað á tímum Covid-19 en stígandi var augljós eftir því sem á árið leið. Ýmis námskeið voru haldin, s.s. jóganámskeið, gítarnámskeið, leiðbeininganámskeið um líkamsrækt og lífsstíl. Fundað var reglulega með sérfræðiteyllum MA og VMA ásamt nemendaráðum skólanna og stefnt er á sameiginlega forvarnafræðsluáætlun sem og nokkra sameiginlega viðburði. Líkt og áður var hljóðverid helsta aðdráttarafl hússins en einnig nýttu ýmsir klúbbar sér aðstöðu og rými.

### **Virkið - þjónustu- og ráðgjafasetur**

Virkið er þverfaglegur samstarfsvettvangur fjórtán stofnana og félagasamtaka á Akureyri og Eyjafjarðarsvæðinu. Þar er meginmarkmiðið að styðja við ungmenni sem falla milli kerfa og veita þeim heildstæðari þjónustu. Að vori sóttu tveir hópar Virkisnámskeið en skipt var í hópa eftir því hversu lengi fólk hafði verið á atvinnuleysisráði og því mismikil þjónusta sem hóparnir fengu. Að hausti voru styttri námskeið keyrð oftar. Á hverju námskeiði voru 10-15 einstaklingar skráðir. Námskeiðin innihéldu fjölbreytta dagskrá, m.a. markmiðasetningu, stuðning við atvinnuleit og gerð ferilskrár, skyndihjálpar, kynningu frá Nordjobb, kynningu á réttindum frá Einingu lögju og Vinnumálastofnun og fl.

### **Vinnuskólinn og atvinnutengd verkefni fyrir ungt fólk**

Vinnuskólinn og atvinnutengd verkefni fyrir ungt fólk voru í boði sumarið 2022. Ráðnir voru 22 flokkstjórar og fengu þeir fjölbreytta fræðslu í upphafi sumars til að styrkja þá fyrir vinnuna. Alls voru tæplega 600 ungmenni skráð í Vinnuskólann og atvinnutengd verkefni. Verkefnin voru afar fjölbreytt, starfsstöðvarnar margar og fjölmörg sérúrræði búin til. Fræðsludagskrá fyrir ungmenni var fjölbreytt og samanstóð af atvinnutengdri fræðslu s.s. Sjávarútvegsskóla, frá Einingu lögju og Vistorku. Að auki var boðið upp á ýmis konar lífsleiknitengda fræðslu á borð við samskipti á vinnustað og bættu sjálfsmynd.





## Akureyrarbær

Þetta skjal er hluti af ársskýrslu Akureyrarbæjar 2022, aðra hluta má sjá á vef Akureyrarbæjar [akureyri.is](http://akureyri.is) undir Stjórnkerfi > Útgefið efni > Ársskýrslur

Útgefandi: Akureyrarbær 2023

Ritstjórn: Ragnar Hólm Ragnarsson

Yfirllestur og prófarkir: Brynja Björk Pálsdóttir og Ragnar Hólm Ragnarsson

Ljósmyndir: María Helena Tryggvadóttir

Mynd af bæjarstjóra: Daníel Starrason

Hönnun og umbrot: Blek hönnunarstofa, blekhonnun.is